

Ágætu nemendur og forráðamenn,

Nú hafa nemendur MH fengið sent yfirlit yfir ástundun það sem af er vorönn 2026.

Það er því ekki úr vegi að vekja athygli á skólasóknarreglum skólans. Reglurnar má finna í heild sinni hér: <https://www.mh.is/is/namid/skolareglur/skolasoknarreglur>

Þátttaka í kennslustundum er grundvallarforsenda fyrir námi í MH. Í tímum fara t.d. fram mikilvægar innlagnir frá kennurum, umræður um námsefnið, hópavinna og kynningar nemenda. Mikil fjarvera nemenda gerir ekki bara þeim sjálfum óleik, heldur gerir hún einnig alla vinnu hópsins ófyrirsjáanlegri og erfiðari. Tíðar fjarvistir valda auknu álagi á kennara og óánægju meðal samnemenda.

Meginreglan er ávallt sú að nemendur skulu mæta **stundvíslega í allar kennslustundir og próf, nema réttmæt forföll hamli.**

Til að standast skólasókn á önn (heildarmæting) er lágmarksmæting, að teknu tilliti til veikinda og/eða leyfa, 90%. Miðað er við 80% lágmarksraunmætingu í hvern áfanga, og er þá átt við raunverulega viðveru í kennslustundum. Í einstaka tilvikum eru gerðar undantekningar frá þessari reglu, enda sé þá um lögmæt forföll og/eða formlegt leyfi frá skólanum um að ræða.

Við viljum í þessu samhengi benda á hvað þessi hlutföll merkja í raun.

90% raunmæting samsvarar þannig **fjarvistum í eina og hálfa viku yfir önnina** (6-7 fjarvistir í hverju fagi), **80%** samsvarar samtals **þriggja vikna fjarvistum** (15 fjarvistir), og **50%** mæting þýðir að nemandi hafi verið fjarverandi í **sjö og hálfa viku af fimmtán.**

Í sumum áföngum er gerð krafa um lágmarks raunmætingu til að námsmat annar gildi og er það þá tekið fram á námsáætlun. Á þetta m.a. við um suma áfanga sem ekki lýkur með lokaprófi og verið er að meta samvinnu og vinnuframlag nemenda í kennslustundum.

Ef um **langvarandi veikindi** er að ræða eða fjarvistir sökum þráláts sjúkdóms, er miðað við 50% raunmætingu að lágmarki. Í þeim tilfellum er áriðandi er að setja sig strax í samband við námsráðgjafa.

Með kveðju,
Skólastjórnendur